



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Hardenberger og Tortelier

5. mars 2015





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

### Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

### Áætluð tímalengd verka:

Á suðurslóðum: 21'00"

Trompetkonsert: 18'00"

Sinfónía: 44'00"

Að læknisráði þurfti Tine Thing Helseth að aflýsa komu sinni til Íslands en hún átti upphaflega að leika einleik á tónleikum kvöldsins. Í stað hennar leikur Hákan Hardenberger sama konsert og því stendur efnisskráin óbreytt.

Mynd á kápu: David Bobroff, bassabásúna, Nimrod Ron, túba.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Hardenberger og Tortelier

Tónleikar í Eldborg 5. mars 2015 » 19:30

**Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri

**Hákan Hardenberger** einleikari

**Edward Elgar**

*Á suðurslóðum, forleikur op. 50 (1903–1904)*

**Henri Tomasi**

*Trompetkonsert (1948)*

*Allegro*

*Nocturne: Andantino*

*Finale: Allegro*

Hlé

**Pjotr Íljítsj Tsjajkovskí**

*Sinfónía nr. 1 í g-moll, op. 13 (1866/1874)*

*Allegro tranquillo*

*Adagio cantabile ma non tanto*

*Scherzo: Allegro scherzando giocoso*

*Finale: Andante lugubre–Allegro maestoso*

## Yan Pascal Tortelier

hljómsveitarstjóri



Yan Pascal Tortelier kemur úr þekktri franskri tónlistar-fjölskyldu. Hann hóf ungur nám í fiðlu- og píanóleik og stundaði einnig nám í hljómfraði og kontrapunkti hjá Nadíu Boulanger. Fjórtán ára gamall vann hann til fyrstu verðlauna í fiðlukeppni við Konservatóríið í París og þreytti sama ár frumraun sína sem einleikari með Fílharmóníuhljómsveitinni í Lundúnum. Hugur hans stefndi þó annað og að loknu námi í hljómsveitarstjórn hjá Franco Ferrara í Accademia Chigiana í Siena starfaði hann um níu ára skeið sem aðstoðarhljómsveitarstjóri Orchestre National du Capitole de Toulouse. Tortelier var síðan aðalhljómsveitarstjóri Ulster-hljómsveitarinnar í Belfast á Norður Írlandi frá 1989–1992 og BBC-fílharmóníunnar á árunum 1992–2003. Þá var hann aðalgestastjórnandi Pittsburgh-sinfóníunnar frá 2005–2008 og aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í São Paulo í Brasilíu frá 2009–2011 og er nú heiðursgestastjórnandi hennar.

Yan Pascal Tortelier hefur í gegnum tíðina stjórnað mörgum af helstu hljómsveitum heimsbyggðarinnar þar á meðal London Symphony Orchestra, London Philharmonic Orchestra, Orchestre de Paris, Royal Concertgebouw Orchestra, Tékknesku Fílharmóníunni og Fílharmóníuhljómsveitinni í St. Pétursborg, Filharmonien í Osló, Filarmonica della Scala Milan, Philadelphia Orchestra, Los Angeles Philharmonic og sinfóníuhljómsveitunum í Boston, Chicago og Montreal.

Á yfirstandandi starfsári stjórnar Tortelier hljómsveitum víða um Bandaríkin, Bretland, Ástralíu og heimsækir, auk Íslands, Rússland og Kanada.

Tortelier hefur um langt árabíl starfað fyrir Chandos-útgáfuna og hljóðritað fjöldamörg verk einkum með Ulster-hljómsveitinni og BBC-fílharmóníunni. Afraksturinn er meðal annars verðlaunadiskar með hljómsveitarverkum eftir Ravel (þar á meðal eigin hljómsveitarútsetning á píanótríói Ravels), César Franck, Albert Roussel og Henri Dutilleux.

---

### Tónlistin á Íslandi

*Yan Pascal Tortelier hefur tvisvar sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann kom fyrst á Listahátíð í Reykjavík sumarið 1998 og stjórnaði verkum eftir Ravel, Hindemith, Fauré og Berg. Í síðara skiptið stjórnaði hann tónleikum sem báru yfirskriftina Fröst snýr aftur og fóru fram í Eldborg haustið 2012. Klarínettusnillingurinn Martin Fröst var í forgrunni á tónleikumunum en aðalhljómsveitarverkið var d-moll sinfónían eftir César Franck.*

## Håkan Hardenberger

einleikari



© Marco Borggreve

### Tónlistin á Íslandi

Håkan Hardenberger hefur tvisvar sinnum áður leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í maí 1992 lék hann trompetkonsert eftir breska tónskáldið Peter Maxwell Davies sem jafnframt stjórnaði flutningnum. Níu árum síðar var hann aftur mættur og nú með konsertinn *Aerial* eftir Heinz Karl Gruber í farteskinu en verkið hafði hann frumflutt á BBC Proms-tónlistarhátiðinni tveimur árum fyrr. Þá er skylt að geta þess að Hardenberger og Kroumata-slagverkshópurinn frumfluttu verk Atla Ingólfssonar tónskálds KAPPINN (*L'atleta*) á tónlistarhátiðinni Tvíæringnum í Helsinki í mars 1997 en verkið samdi Atli að beiðni Kroumata.

Håkan Hardenberger er í allrafremstu röð trompeteinleikara samtímans. Hann hefur staðið á einleikarapalli hljómsveita á borð við New York Philharmonic, Wiener Philharmoniker, Sveriges Radios Symfoniorkester og London Symphony. Meðal hljómsveitarstjóra sem hann vinnur reglulega með eru Pierre Boulez, Daniel Harding, Paavo Järvi, Ingo Metzmacher og Andris Nelsons.

Auk þess að náglast klassísk verk trompetbókmenntanna á einkar meistaralegan hátt hefur Hardenberger frumflutt fjölda verka nafntogaðra tónskálda sem sótt hafa innblástur til hans. Meðal þeirra er Sir Harrison Birtwistle, Hans Werner Henze, Rolf Martinsson, Olga Neuwirth, Arvo Pärt, Mark Anthony Turnage, Rolf Wallin og Heinz Karl Gruber.


Í apríl næstkomandi leikur Hardenberger í fyrsta sinn einleik með Berlínarfílharmoníunni í trompetkonsert Grubers, *Aerial*, undir stjórn Andris Nelsons og stuttu síðar leikur hann verkið með Philharmonia Orchestra í London. Í maí frumflytur hann síðan trompetkonsert eftir Mark Anthony Turnage með West Australia Symphony Orchestra undir stjórn Baldurs Brönniman.

Håkan Hardenberger hefur á undanförunum árum látið að sér kveða sem hljómsveitarstjóri og hefur m.a. stjórnað BBC-fílharmoníunni, St. Paul Chamber Orchestra og Fílharmoníuhljómsveitinni í Dresden. Þá starfar hann reglulega með organistanum Jonathan Scott, píanóleikaranum Roland Pöntinen og slagverksleikaranum Colin Currie. Hardenberger hefur leikið inn á fjölda geisladiska fyrir Philips, EMI, Deutsche Grammophon og BIS.

Håkan Hardenberger fæddist í Malmö og hóf þar nám í trompetleik hjá Bo Nilsson átta ára gamall. Framhaldsnám stundaði hann hjá Pierre Thibaud í Konservatóríinu í París og í Los Angeles hjá Thomas Stevens. Hardenberger kennir við Tónlistarháskólann í Malmö.

## Edward Elgar

Á suðurslóðum (Alassio)



Edward Elgar (1857–1934) fæddist í Lower Broadheath sem er lítið þorp nálægt Worcester á Vestur-Englandi. Hann hlaut tónlistarmenntun hjá föður sínum sem var organisti, fiðlu-leikari og píanóstillari. Elgar hóf ungur að vinna fyrir sér á heimaslóðum sem tónlistarkennari, hljóðfæraleikari, kórstjóri og hljómsveitarstjóri. Hann ferðaðist á þrítugsaldri til Parísar og síðar til Leipzig, sótti fjölda tónleika og heyrði í fyrsta sinn mörg öndvegisverk tónbókmenntanna. Árið 1889 giftist hann hinni níu árum eldri Alice og fluttu þau til London þar sem Elgar náði hægt og bitandi að skapa sér nafn sem tónskáld.

Konsertforleikinn *Á suðurslóðum (In the South)* samdi Elgar meðan hann dvaldi með fjölskyldu sinni nálægt bænum Alassio á ítölsku Rívíerunni í kringum áramótin 1903–4. Hann lýsti tilurð verksins síðar á þessa leið: „Skyndilega stóð mér það skýrt fyrir hugskotssjónum – vatnsföll, blóm, hæðir; fjarlæg snævi þakin fjöll í norðri og blátt Miðjarðarhafið í suðri, andstæðurnar milli stríðsins sem fyrir langalöngu var háð á þessum stað og fjárhirðisins sem ég sá tilsýndar – og þá, skyndilega kom ég til sjálf mín. Á þessum augnablikum hafði ég samið forleikinn, átti einungis eftir að koma honum á blað.“

### Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti konsertforleik Elgars *Á suðurslóðum* á tónleikum í Háskólabíói í maí 2009. Stjórnandi var Rumon Gamba og er þetta eini flutningur hljómsveitarinnar á verkinu til þessa. Verk tónskáldsins sem oftast hafa verið flutt eru marsinn *Pomp and Circumstance nr. 1*, sellókonsertinn og *Enigma*-tilbrigðin. Þá var *Nimrod*-kaflinn úr síðastnefnda verkinu helsta aukalag hljómsveitarinnar í tíð Rumons Gamba sem aðalhljómsveitarstjóra.

Í raddskrána ritaði Elgar línur úr ljóði Tennysons „The Daisy“ (Freyjubráin) sem fjallar um pálma og suðræn furutré en einnig línur úr ljóði Byrons um Harald hinn unga sem varð Berlioz að yrkisefni í sinfóníunni *Haraldur á Ítalíu*. Líkt og í verki Berlioz fær víólan að blómstra í forleik Elgars sem er hinn glæsilegasti í alla staði og minnir rithátturinn um margt á handbragð Richards Strauss.

Konsertforleikur Edwards Elgar *In the South* með undirtitlinum Alassio, var frumfluttur af Hallé-hljómsveitinni 16. mars 1904 á þriðja degi Elgar-hátíðar í Konunglega óperuhúsinu í Covent Garden og stjórnaði tónskáldið flutningnum.

## Henri Tomasi

Trompetkonsert



Henri Tomasi (1901–1971) var af korsískum uppruna en fæddist í Marseille. Sjö ára gamall innritaðist hann í Tónlistarháskóla borgarinnar og byrjaði á táningsaldri að leika á píanó í kvikmyndahúsum, vændishúsum og á hótelum og veitingahúsum. Undir lok fyrri heimsstyrjaldarinnar hóf Tomasi tónsmíðanám við Tónlistarháskólann í París og fékk þar á sig orð fyrir að vera forfallinn vinnufíkill. Árið 1927 vann hann 2. verðlaun í listakeppninni Grand Prix de Rome fyrir kantötu sína *Coriolan* og 1. verðlaun í hljómsveitarstjórn. Hann helgaði síðan tónsmíðum og hljómsveitarstjórn starfsferil sinn.

Tónlist Henris Tomasi er ákaflega litrík enda sótti hann oft efnivið til framandi landa svo sem Kambódíu, Laos og Tahiti en einnig til suðlægra hluta Frakklands, ekki síst Korsíku þar sem hann ungur dvaldi hjá ömmu sinni á sumrum. Leikhústónlist, óperur og ballettar skipa stóran sess í fjölbreyttu æviverki tónskáldsins Tomasi, en einnig stór og smá einleiksverk fyrir fjölmörg hljóðfæri og jafnvel fleiri en eitt fyrir sum þeirra. Meðal þessara verka eru á þriðja tug einleikskonserta með hljómsveit fyrir öll hljóðfæri hefðbundinnar sinfóníu-hljómsveitar utan túbu auk konserta fyrir píanó, saxófón, gítar og annars konserts fyrir tvo gítara

---

### Tónlistin á Íslandi

Verk eftir Henri Tomasi hefur aðeins einu sinni áður heyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar en það var básúnukonsertinn sem Helgi Hrafn Jónsson flutti á útskriftartónleikum snemma árs 1999. Hitt verkið á tónleikunum var píanókonsert Edvars Grieg sem útskriftarneminn Ástríður Alda Sigurðardóttir flutti ásamt hljómsveitinni. Stjórnandi var Bernharður Wilkinson.

Vinsælastur konsertanna er trompetkonsertinn sem Tomasi samdi árið 1948 og tileinkaði trompetleikaranum Ludovi Vaillant sem frumflutti hann 7. apríl árið eftir. Í konsertinum notar tónskáldið óspart dempara til að útvíkka tjáningarmöguleika einleikshljóðfærisins. Í fyrsta kaflanum mætist blanda af freklegum krafti og sætri, hástemmdri ljóðrænu. Kaflanum lýkur á stórri einleikskadensu við meðleik litlu trommunnar. Í hæga kaflanum sem er næturljóð, málara tónskáldið bakgrunninn fínlegum impressjónískum litum. Síðasti kaflinn er hraður, hnyttinn og tæknilega glæsilegur.

## Pjotr Íljítsj Tsjajkovskíj

Sinfónía nr. 1 - Vetrardagdraumar



Að sögn Modest, yngri bróður Tsjajkovskíjs (1840–1893), var fyrsta sinfónían tónskáldinu af öllum hans verkum þyngst í skauti og kostaði hann miklar þjáningar og gífurlega vinnu. Þetta var árið 1866 þegar Tsjajkovskíj var á 27. aldursári. Hann hafði í ársbyrjun flutt frá St. Pétursborg til Moskvu til að taka við kennarastöðu í hljómfræði við nýstofnaðan tónlistarháskóla sem Nikolai Rubinstein veitti forstöðu. Þessi staða gerði honum í fyrsta sinn kleift að helga tónlistinni alla krafta sína. Rubinstein var honum stoð og stytta og stjórnaði í marsmánuði sjálfur frumflutningi á forleik í f-dúr, æskuverki sem Tsjajkovskíj hafði endurunnið fyrir tilefnið og varð fyrsti opinberi sigur hans sem tónskálds. Í kjölfarið hóf Tsjajkovskíj fullur sjálfstrausts vinnu við uppkast að sinfóníu og vann dag og nótt meðfram kennslunni. Í júníbyrjun hófst hann handa við hljómsveitarútfærsluna en afleiðingar þrotlausrar vinnu, svefnleysi og stöðugur höfuðverkur, komu í veg fyrir að honum tækist að ljúka verkinu um sumarið. Í ágústmánuði ferðaðist hann til St. Pétursborgar og sýndi fyrrum kennurum sínum Antoni Rubinstein og Nikolai Zarembo ófullgerða sinfóníuna og fékk þann dóm að hún væri engan veginn hæf til flutnings.

### Tónlistin á Íslandi

Vetrardagdraumasinfónía

Tsjajkovskíjs hljómar nú í fjórða

sinn á tónleikum hljómsveitarinnar.

Ungverski hljómsveitarstjórinn Ivan

Fischer reid á vaðið og stjórnaði

fyrsta flutningnum í Háskólabíói vorið

1991. Í ársbyrjun tíu árum síðar stóð

Rico Sacconi á stjórnendapallinum og

næst Christian Lindberg í maí 2008.

Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur nú

sinfóníuna í fyrsta sinn í Eldborgarsal

Hörpu en þar heyrðist hún síðast

fyrir rúmum tveimur mánuðum á

tónleikum London Philharmonic

Orchestra undir stjórn Osmos

Vänskä.

Í Moskvu beið Tsjajkovskíjs nýtt verkefni, *Hátíðarforleikur* byggður á danska þjóðsöngnum sem honum hafði verið falið að semja. Í bréfi til bróður síns Anatólíj þann 8. nóvember segist hann byrjaður að lagfæra sinfóníuna og síðar í mánuðinum fór hann á ný á fund kennara sinna í St. Pétursborg. Þeir dæmdu miðkaflana hæfa til flutnings og var þriðji kaflinn frumfluttur í Moskvu í desember 1866 og annar kaflinn í St. Pétursborg tveimur mánuðum síðar.

Tsjajkovskíj gerði enn frekari breytingar á sinfóníunni áður en kom að frumflutningi hennar í heild undir stjórn Antons Rubinstein í febrúar 1868. Fyrir fyrstu útgáfu verksins árið 1874 gerði höfundurinn allnokkrar breytingar. Hann skipti m.a. öðru stefi fyrsta kafla út fyrir nýtt og stytta annan og fjórða kaflann en þegar kom að flutningi þessarar gerðar



komu fjölmargar prentvillur í ljós. Í lokaatrennunni við leiðréttingar á verkinu notaði Tsjajkovskíj tækifærið og gerði nokkrar lagfæringar, einkum á styrkleika og hendingamótun.

Sinfónía nr. 1 eftir Tsjajkovskíj ber undirtitilinn *Vetrardagdraumar* og fyrsti kaflinn undirtitilinn *Dagdraumar um vetrarferð* og sá næsti *Rökkurland, þokuland*. Hinir kaflarnir bera enga titla og er engin skýring á því handbær.

Fyrsti kafli sinfóníunnar byggir á tveimur ólíkum stefnum sem bæði eru kynnt af blásturshljóðfærum; það fyrra af flautu og fagotti og það síðara af sólóklarínettunni. Í heild er kaflinn bjartur og fullur af ljóðrænum þokka. Má við hlustun vel láta sig dreyma ferð um snævi þaktar sléttur Rússlands á björtum vetrardegi. Að sama skapi dregur tónskáldið í öðrum kaflanum upp dekkri mynd af rússnesku landslagi þó tónlistin hljómi ekki jafn alvörugefin og undirtitillinn gefur til kynna. Í fyrstu 20 tóktum kaflans og í niðurlaginu notar Tsjajkovskíj stef úr forleik sínum *Stormurinn*.

Þriðji kaflinn, Scherzo eða gletta, er í raun hljómsveitarútfærsla á kafla úr píanósónötu í cis-moll sem Tsjajkovskíj átti í fórum sínum. Hann flutti kaflann niður um hálfþón og bætti við hann stuttum inngangi, tríói og niðurlagi. Aðalstef lokakaflans er þekkt rússneskt þjóðlag og notar Tsjajkovskíj það bæði í hægum innganginum og öðru stefinu. Í úrvinnslunni sýnir hann snilli sína í tónsmíðataekni og hæfileika til að leiða hlustandann gegnum mismunandi stemningar og magna upp spennu þar til hápunkti er náð.

*Sigurður Ingvi Snorrason*

## Þórunn Ósk Marinósdóttir

Nærmynd



Þórunn Ósk Marinósdóttir fór til framhaldsnáms í Belgíu strax eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1991. Hún vann profuspil um lausa stöðu í Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1998 og gegnir nú stöðu leiðandi víóluleikara hljómsveitarinnar.

Byrjaðirðu snemma að læra á víólu? „Nei, ég byrjaði snemma að læra á fiðlu og skipti ekki yfir á víólu fyrr en ég var orðin nítján ára gömul. Þá sá ég fyrir tilviljun heimildarmynd í sjónvarpinu um Yuri Bashmet og Alfred Schnittke og sköpunarferil hins stórkostlega víólukonserts Schnittkes – og var dolfallin! Hafði ekki hugmynd um að hægt væri að spila svona á víólu! Það hafði aldrei hvarflað að mér að prófa – örlaði jafnvel á einhverju sem mætti kannski kalla fiðluhroka gagnvart hljóðfærinu. Daginn eftir fékk ég lánaða víólu og er skemmst frá að segja að ég snerti ekki fiðluna upp frá því. Merkilegt nokk læknaðist ég af alls kyns meinum eins og vöðvabólgu og banki í vinstri hlustinni. Hæstu og björtustu tónarnir henta mér trúlega betur úr ákveðinni fjarlægð...“

Fyrir utan að leika í Sinfóníuhljómsveitinni spilar þú mikið af kammermúsík, leikur einleik og kennir. Er ekki erfitt að sameina þetta allt? „Þetta vinnur allt saman. Að spila kammermúsík heldur mér í toppformi, alveg nauðsynlegt fyrir andlega og líkamlega músíkheilsu. Þegar maður spilar einleik breytist auðvitað jafnvægið og mun meiri tími fer í heimaæfingar. Það gefur auga leið hversu gott það er fyrir músíkant. Já, og kennslan er bæði gefandi og skemmtileg, mjög gaman að vinna með ungum og áhugasömum nemendum. Í kennslunni er ég líka með sjálfa mig undir smásjóni því að þar er ég að miðla upplýsingum um tækni og músíkmótun. Það veitir vissulega aðhald.“

En langar víóluleikarann ekki að spila oftast fyrstu rödd? „Nei – ég get ekki sagt það. Ég elska að spila millirödd og finna hvernig hún vefur sig í gegnum tónlistina og bindur hana saman. Ég neita því samt ekki að þegar við fáum laglínuna verðum við óskaplega upprifin og njótum margfalt á meðan.“



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.



**Stefán Jón:** Ég var auðvitað *alveg grænn* fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan.

**Ágústa:** Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega **stuðningur** í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljómsveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel. Hún kom til starfa í

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í sínfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra sínfóníuhljómsveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gott að vita að í hljómsveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tónlistargyðjunni.

*GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.*

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)

## Á döfinni

### Anna-Maria stjórnar Sibeliusi



#### 12. & 13. mars

Concierto Pastoral, flautukonsert spænska tónskáldsins Joaquín Rodrigo, var frumfluttur í London 1978 og hefur allar götur síðan notið mikilla vinsælda. Konsertinn var saminn fyrir James Galway en einleikshlutverkið að þessu sinni er í höndum Áshildar Haraldsdóttur, flautuleikara Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Áshildur hefur um árabil verið mikilvirk í íslensku tónlistarlífi, bæði sem einleikari og flytjandi kammertónlistar. Tónleikarnir eru undir stjórn Önnu-Mariu Helsing, einnar skærustu stjörnu Sibeliusarakademiunnar.

Tónleikakynning Vínfélagsins hefst kl. 18.00 í Hörpuhorninu.

**Magnus Lindberg**

*Expo*

**Joaquín Rodrigo**

*Concierto Pastoral*

**Jean Sibelius**

*Sinfónía nr. 1*

### Benedetti leikur Mozart



#### Fim. 26. mars » 19:30

Skosk-ítalski fiðluleikarinn Nicola Benedetti skaut upp á stjörnuhimininn þegar hún bar sigur úr bítum í „BBC Young Musician of the Year“ aðeins 16 ára gömul árið 2004. Síðan hefur hún leikið m.a. á lokakvöldi Proms-tónlistarhátíðarinnar og er nú samningsbundin Deutsche Grammophon. Hún leikur vinsælasta fiðlukonsert Mozarts, sem hann samdi aðeins 19 ára gamall. Á tónleikunum hljóma einnig tvö áheyrileg verk af svipuðum toga sem samín voru undir áhrifum myndlistar. Austurríski hljómsveitarstjórinn Hans Graf stjórnar.

Tónleikakynning Vínfélagsins hefst kl. 18.00 í Hörpuhorninu.

**Ottorino Respighi**

*Trittico Botticelliano*

**Wolfgang Amadeus Mozart**

*Fiðlukonsert nr. 5*

**Paul Hindemith**

*Mathis der Maler, sinfónía*

## Á döfinni

### Meiri Mozart

**Fim. 9. apríl » 19:30**

Píanóleikarinn Shai Wosner nýtur alþjóðlegrar hylli fyrir listfengi og framúrskarandi túlkun. Hann leikur með öllum helstu hljómsveitum Evrópu og Ameríku og debúteraði með Vínarfillharmóníunni í Salzburg á 250 ára fæðingarafmæli Mozarts.

Hljómsveitarstjórinn Olari Elts varð í fyrsta sæti í Alþjóðlegu Sibeliusar-hljómsveitarstjórakeppninni í Helsinki árið 2000. Hann var aðalhljómsveitarstjóri Lettnesku þjóðar-hljómsveitarinnar og aðalgestastjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Helsinki og Sinfóníuhljómsveitar Eistlands.

**Wolfgang Amadeus Mozart**

**Wolfgang Amadeus Mozart**

**Valentin Silvestrov**

**Wolfgang Amadeus Mozart**

*Sinfónía nr. 32*

*Píanókonsert í d-moll*

*Sendiboðinn*

*Sinfónía nr. 40*

### Postnikova og Rozhdestvenskíj

**Fim. 30. apríl » 19:30**

Aufúsugestirnir og Íslandsvinirnir, hjónin Victoria Postnikova og Gennady Rozhdestvensky heiðra Sinfóníuhljómsveit Íslands og tónlistarunnendur enn á ný með nærveru sinni og flutningi á rússneskum öndvegisverkum. Rozhdestvensky er einn fremsti hljómsveitarstjóri samtímans og milli hans og Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur myndast náð samband sem kristallast í ógleymanlegum tónlistarupplifunum. Óhætt er að lofa ógleymanlegri stund þegar Gennady Rozhdestvensky stendur í brúnni á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

**Igor Stravinskíj**

**Sergej Rakhmanínov**

**Pjotr Tsajkovskíj**

*Pulcinella, svíta*

*Píanókonsert nr. 4*

*Hljómsveitarsvíta nr. 3*



# Hljómsveit á tónleikum

5. mars 2015

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Bryndís Pálsdóttir  
Lin Wei  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Andrzej Kleina  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Mark Reedman  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir

## 2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Þórdís Stross  
Kristín B. Ragnarsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Christian Diethard  
Roland Hartwell  
Laufey Jensdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Júlía Mogensen  
Helga B. Ágústsdóttir  
Lovisa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Emelía Rós Sigfúsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Eydis Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Ármann Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson

## BÁSÚNA

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Elísabet Waage  
Monika Abendroth

## CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ása Jóhannsdóttir nótna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri  
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður

Heimspíanistar í Hörpu

# Richard Goode

*Einn virtasti Beethoven túlkandi samtímans*



HARPA



*Norðurljós*

**10. mars kl. 20:00**

Nánari upplýsingar í síma 528 5050, á [midi.is](http://midi.is) og [harpa.is](http://harpa.is)

[www.harpa.is/goode](http://www.harpa.is/goode)

ICELANDAIR 

 Arlon banki

 CENTER HOTELS

 LEXUS



# Rómeó og Júlía

Rico Saccani snýr aftur

Mið. 13. maí » 19:30

Tryggið ykkur miða

**Pjotr Tsjajkovskij**

*Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur*

**Leonard Bernstein**

*Úr West Side Story*

**George Gershwin**

*Úr Porgy og Bess*

**Rico Saccani** hljómsveitarstjóri

Ástir, átök og örlög á vorkvöldi í Eldborg. Eitt frægasta tónverk Tsjajkovskijs er byggt á Rómeó og Júlíu Shakespeares. Það á líka við um söngleikinn West Side Story eftir Bernstein en þar eru átökin færð til New York. Smellirnir Summertime og It Ain't Necessarily

So úr Porgy og Bess eftir Gershwin öðlast nýtt líf í litríkri útgáfu.

Rico Saccani var aðalstjórnandi SÍ á árunum 1998–2002 og snýr nú aftur til að stjórna Sinfóníuhljómsveitinni, í fyrsta sinn um langt skeið.



@icelandsymphony #sinfó